

## FUNDARGERÐ

**Nefnd:** Framkvæmdanefnd

**Efni:** Fræðslumál, starfsmatsteymi heima í héraði o.fl.

**Viðstaddir:** Berglind Eva Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Auður Lilja Erlingsdóttir, Steinvör Laufey Jónsdóttir, Bjarni Bjarnason, Árni Egilsson, Jakobína Björnsdóttir, Anna Lilja Magnúsdóttir.

**Fundardagur:** 10.10.2016

**Tími:** 11:00 – 13:00

**Fundarstaður:** Allsherjarbúð, Borgartúni 30

### Dagskrá:

#### I Fræðslumál

- Fræðsluferðir um starfsmat fyrir landsbyggðina – að farið sé í ferð um landið.
  - skoða hvernig best er að skipta fulltrúum í framkvæmdanefndinni niður á staði til að standa að fræðslunni um starfsmatið.
    - reyna að ná utan um ákveðin landsvæði í einu – láta nærliggjandi svæði vita af fundum þegar fundir eru í stóru sveitarfélögunum sem dæmi.
- Markhópurinn fyrir fræðslu eru stjórnendur, starfsmannastjórar, fulltrúar stéttarféлага, trúnaðarmenn o.fl.
  - Gæti verið um að ræða tvenns konar fundi
    - fyrir almenna starfsmenn
    - fyrir stjórnendur
- Mikilvægt að stjórnendur fái ítarlega fræðslu svo þeir átti sig á þeirra hlutverki í starfsmatinu.
  - þessir fundir gæti verið 2 klst langir í senn.
- Efni fyrir fræðslufundi og hvernig efnið gæti skipst milli fulltrúa í framkvæmdanefnd:
  - Inngangur og uppbygging (stéttarfélagsfulltrúar, sambandsfólk)
  - Heimasíða, vinnulag (starfsmatsráðgjafar)
  - Starfsmatsteymi (stéttarfélagsfulltrúar, sambandsfólk)
- Fræðslubæklingur:
  - útgáfa á prentuðum fræðslubækling um starfsmat.

## II Starfsteymi heima í héraði

- Samráðsvettvangur fyrir stéttarfélög og viðkomandi sveitarfélag til að ræða málefni tengd starfsmati.
  - starfslýsingar, endurmatsbeiðnir o.s.frv.
  - fræðsla fyrir fólk í héraði um starfsmat og gang mála.
    - hver er fulltrúi fyrir hvert stéttarfélag sem veitir aðstoð og ráðgjöf varðandi endurmat/nýtt mat o.fl.
- starfsteymið er samráðsvettvangur svo fólk sé meðvitað um hvaða mál eru í starfsmati og hvaða mál eru til umfjöllunar og hver staðan er á málum.
- Varðandi teymið þá gæti skapast vandi fyrir félög eins og BHM félögin sem eru ekki með fulltrúa í hverju sveitarfélagi (starfsfólk BHM eru staðsett í Reykjavík sem dæmi). Það gæti því verið erfiðara fyrir þá fulltrúa að taka þátt í starfsteymi á landsbyggðinni.
- Teymið væri mannað t.d. með starfsmannastjóra viðkomandi sveitarfélags, fulltrúum frá stéttarfélögum í sveitarfélaginu. Fulltrúi frá félagi líkt og BHM sem er ekki með aðsetur í sveitarfélaginu yrði látinn vita þegar málefni tengd háskólastörfum eru til umræðu.
- Gera þarf erindisbréf til að senda sveitarfélögum og stéttarfélögum um stofnun teymisins á hverjum stað.
  - Fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga í framkvæmdanefndinni byrjar að gera drög að reglum fyrir starfsmatsteymin til að hefja þessa vinnu.

## III Önnur mál

- Umræða um kröfur fyrir þáttinn þekking og reynsla:
  - hvenær er reynsla metin til hækkunar um þrep í kerfinu
  - mikilvægt að þetta sé skýrt þannig að ekki leiki vafi um það hvenær reynsla leiðir til hækkunar og hvenær ekki.
    - Reynsla þarf að vera tilgreind í árum í starfslýsingu – reynsla af stjórnun og rekstri.
    - Reynslan þarf að vera forkröfur í starfið – ekki er hægt að hækka starfsmann vegna þess að hann hefur starfað í tiltekinn tíma í viðkomandi starfi án þess að gerð sé sérstaklega krafa um það í starfslýsingu og þegar starfið var auglýst/ráðið var í starfið.
- Rætt var um endurmat á útgefnum störfum
  - Mikilvægt að tryggja að útgefnu störfin gleymist ekki þegar verið er að endurmeta samskonar störf sem eru staðbundin hjá einstökum sveitarfélögum
  - Að vera vakandi fyrir því ef mikil hreyfing hefur verið á ákveðnum staðbundnum störfum hjá sveitarfélögum sem kalli þá á að endurmeta útgefin störf sem eru sambærileg.

- Framkvæmdanefnd þarf að koma sér saman um vinnulag varðandi endurmat á útgefnum störfum.
- Rætt um þáttinn Hugræn færni:
  - hversu langt fram í tímann áætlanagerð þarf að vera svo starfið sé metið á 4.þrepi (áætlanagerð sem nær allt að ári).
- Rætt um þáttinn Ábyrgð á fjármunum:
  - það að vera með prókúru á reikninga (að vera samþykkjandi reikninga) sé metið sérstaklega á þessum þætti.
- Sömuleiðis rætt um muninn á Ábyrgð á fjármunum og svo Ábyrgð á eignum og upplýsingum (búnaði þar með talið).
  - Umræða um hvenær liggur ábyrgðin ekki beint á fjármunum heldur á búnaði, t.d. varðandi aðkeyptan búnað og val á tækjum og verkfærum (sem kostar fjármuni en er metið sem ábyrgð á eignum og upplýsingum).
- Fjallað um komandi starfsmatsviðtöl vegna BHM starfa sem eru ný í starfsmati og undirbúningur er hafinn fyrir – rætt um skipulag varðandi viðtölin.

#### Bókun:

Þegar tilgreint er í starfslýsingu að gerð sé krafa um a.m.k. 5 ára reynslu af stjórnun og rekstri er það fullnægjandi til hækkunar á þættinum Þekking og reynsla.

Fundi slitið kl.13